

# SJÁLFBÆRNISKÝRSLA 2023



**IDAN**  
fræðslusetur



# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	3
Ávarp framkvæmdastjóra .....	4
Stefnan okkar .....	6
Askur .....	8
Námskeið í sjálfbærni .....	10
Jafnlaunastaðfesting.....	12
Umfang 3 .....	14
Gagnvirkt mælaborð .....	16
Græn námskeið .....	18
Nýr vefur Iðunnar.....	20
Alþjóðamál.....	22
Spurningar til starfsfólks .....	24
UFS Umhverfi .....	28
UFS Félagslegir þættir.....	30
UFS Stjórnarhættir.....	32
Iðan í hnotskurn.....	34



# Inngangur

Þessi skýrsla er unnin af sjálfbærniteymi Iðunnar fræðsluseturs en það er skipað af Ásgeiri Val Einarssyni, Eddu Jóhannesdóttur, Guðnýju Fanney Friðriksdóttur og Hörpu Maren Sigurgeirsdóttur. Deild þróun þekkingar og framleiðslu Iðunnar sá um hönnun, ritstjórn og umbrot skýrslunnar. Losunarbókhaldið er unnið upp úr reikningum og reiknað út frá losunarstuðlum Umhverfisstofnunar. Samanburðarupplýsingar geta breyst milli ára þar sem stöðugt er verið að uppfæra reikniaðferðir við losunabókhaldið. Einnig geta losunarstuðlar breyst milli ára og þannig verða niðurstöður alltaf nákvæmari með hverju ári. Skýrsla þessi byggir á almanaksárinu 2023 en reikningsár Iðunnar fræðsluseturs er frá 1. júlí - 30. júní. og því er tölfræði ekki samanburðarhæf ársreikningi.

Skýrslan er unnin eftir íslensku UFS leiðbeiningum NASDAQ sem gefnar voru út árið 2017. Iðan fræðslusetur er á engan hátt skildug til að gefa út sjálfbærnisráskýrslur þar sem fyrirtækið er ekki á þeirri stærðargráðu né skráð í kauphöll. Ástæðan fyrir útgáfu sjálfbærnisráskýrslunnar byggir einungis á samfélagslegu gildi. Iðan fræðslusetur vill vera fyrirmynd og leiðandi sí- og endurmenntunarstofnun.



# Ávarp framkvæmdastjóra

Þegar horft er til framtíðar í jafn mikilvægum málaflokki og sjálfbærni þurfa fyrirtæki að eyða minni tíma í að fullyrða um eigin góða þætti í rekstri og meiri tíma í að innleiða aðgerðir sem raunverulega lágmarka neikvæð áhrif og hámarka jákvæð áhrif. Á liðnu starfsári fór fram mikil og gagnrýnin vinna í að fylgja eftir settri sjálfbærnistefnu með skýrum markmiðum og mælikvörðum. Þungamiðja vinnunnar fólst í meira gagnsæi og góðri upplýsingagjöf. Við erum meðvituð um að nú er upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrirtækja að verða almenn krafa. Innan fárra ára verða bæði lítil og meðalstór fyrirtæki að gefa út árlega skýrslu um sína stöðu í sjálfbærnimálum. Það er eðlilegt að liðan fræðslusetur sé fyrirtækjum í iðnaði góð fyrirmynd þessum eignum. Það er mikið í húfi fyrir fyrirtæki í iðnaði að standa vel að upplýsingagjöf því þannig geta þau átt greiðari leið að fjármögnum og tryggt að hjá þeim starfi starfsfólk með víðtæka þekkingu og hæfni.





## Stefnan okkar

Hlutverk Iðunnar er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsfólks í iðnaði með því að sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem þörf krefur. Stefnuáherslur Iðunnar 2022-2024 eru: Félagsmaðurinn í forgrunni, nýsköpun og tækni, samvinna og sjálfbærni.

Í stefnu Iðunnar um sjálfbærni segir að Iðan skuli hafa sjálfbærnihugsun að leiðarljósi í allri þekkingarmiðlun og þjónustuframboði. Til að styðja við stefnuna hefur sjálfbærni ráð Iðunnar og starfsfólk valið fjögur markmið af sautján heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin voru skoðuð í samhengi við starfsemi Iðunnar og munu ráða ferðinni í sjálfbærnivægferð fyrirtækisins.



### **Menntun fyrir alla félagsmenn Iðunnar**

- Efla sjálfbærnivitund hjá félagsmönnum Iðunnar með markvissum og mælanlegum aðgerðum
- Fjölga nemendum í iðn-, verk- og tækninámi
- Stuðla að fjölbreyttari leiðum í iðnnámi fullorðinna



### **Áhersla á jafnrétti kynja í öllu sínu náms- og þjónustuframboði**

- Vinna að jafnara kynjahlutfalli í öllum iðngreinum
- Vekja athygli á vinnuframboði iðngreina óháð kynjum
- Greina og setja mælanleg markmið fyrir sókn kynja í fræðslu fyrir ólíkar atvinnugreinar



### **Stuðla að aukinni samkeppnishæfni fyrirtækja og félagsmanna Iðunnar**

- Auka framleiðni í sátt við umhverfi og samfélag
- Efla þjónustuframboð í ráðgjöf og fræðslu um sjálfbærni



### **Veita fræðslu og ráðgjöf um ábyrga neyslu og framleiðslu**

- Móta og innleiða sjálfbærnistefnu Iðunnar
- Efla fræðslu um sjálfbærni í íslenskum iðnaði

12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



## Askur mannvirkjarannsókna sjóður

Iðan hlaut styrk á árinu úr Aski mannvirkjarannsókna sjóði til þess að efla fræðslu í loftþéttleikamælingum húsa. Tenging við heimsmarkmið sameinuðupjóðanna og aðgerðir byggjum grænni framtíðar ([www.bgf.is](http://www.bgf.is)) voru leiðarljós í umsóknarferlinu. Iðan fékk 2,5 milljónir til þess að setja á laggirnar nýtt námskeið í loftþéttleikamælingum. Fyrsti liðurinn í verkefninu var að fara og heimsækja einn fremsta framleiðanda loftþéttleikabúnaðar í Evrópu, RetroTec. Markmið heimsóknarinnar var að afla sérþekkingar í loftþéttleikamælingum svo hægt væri að miðla þekkingunni áfram til iðnaðarins.

Loftþéttleikapróf sýna fram á loftleka í húsum. Ef ekki hefur verið gengið frá rakasperru eða öðrum þéttingum nægilega vel getur það haft í för með sér að kynding í húsinu sleppi auðveldlega og húsið haldi því ekki hita nægilega vel inni. Einnig getur blásið köldu inn og þarf því sífellt að vera kynda húsið. Loftþéttleikamælingar geta einnig komið í veg fyrir rakamyndun í útveggjum sem síðar meir geta leitt til mygluvandamála. Íslenska byggingareglugerðin segir að hús eigi að vera nægilega þétt svo ekki „leki“ meira en 3 m<sup>3</sup>/klst/m<sup>2</sup> út úr húsinu. Ekki hefur verið horft mikið á þessa kröfu en reikna má með að vel byggð hús standist hana.







Með því að vekja athygli á loftþéttleika í húsum á Íslandi væri jafnvel hægt að bæta þessa kröfu í byggingareglugerð og koma þannig í veg fyrir raka og mygluvandamál og bæta orkunýtni húsa.

Á árinu voru haldin 4 námskeið sem voru mjög vel sótt og er þetta því góð viðbót við framboð námskeiða tengt sjálfbærni hjá lönnu. Styrkurinn er til eins árs en námskeiðin munu lifa áfram og vonast er til að það verði ákveðin vitundarvakning fyrir loftþéttleikamælingum á Íslandi.

12 ÁBYRG NEYSLA  
OGFRAMLEIÐSLA



## Námskeið í sjálfbærni nýtt vefnám

Upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrirtækja mun verða krafa innan skamms en búist er við að tilskipun sem Evrópusambandið gaf út á árinu verði tekin í notkun hér á landi árið 2026. Þá verða lítil og meðalstór fyrirtæki að gefa út árlega skýrslu um sína stöðu í sjálfbærnimálum. Tilskipunin heitir CSRD og er ætlunin að auðvelda fjárfestum sem og öðrum hagsmunaaðilum að skilja hvernig fyrirtæki standa að samfélagsábyrgð. Fyrirtæki sem leggja sig fram við slíka upplýsingagjöf geta meðal annars átt greiðari leið að fjármögnun með grænum lánum sem og að verða eftirsóttur vinnustaður. Nú þegar hafa komið upp dæmi út í heimi þar sem lítið fyrirtæki í virðiskeðju hefur einfaldlega misst samninga við stór fyrirtæki vegna skorts á upplýsingum um sjálfbærnimál.

Iðan hefur því framléitt fjögur ný vefnámskeið sem taka á því hvaða upplýsingar skulu liggja fyrir í slíkri skýrslu. Námskeiðin munu verða aðgengileg í nýju námsumsjónakerfi sem verður tekið í notkun á árinu 2024. Sigríður Ósk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri umhverfismála hjá Hornsteini ehf. kennir námskeiðin og fylgir eftir verkefnavinnu. Námskeiðin fjalla um hringrásarhagkerfið og lífsferilsgreiningar, hvernig skal skilgreina umhverfisstefnu, samfélagsábyrgð lítilla og meðalstórra fyrirtækja og hvernig skal reikna út kolefnisspor.



12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLÆIÐSLA



## Jafnlaunastaðfesting

Iðan leggur áherslu á að hjá fyrirtækinu starfi áhugasamt og hæft starfsfólk með víðtæka þekkingu, færni og reynslu. Að starfsfólk vinni eftir stefnu og framtíðarsýn Iðunnar þ.e. að Iðan fræðslusetur sé í fararbroddi í sí- og endurmenntun iðngreina, með fræðslu, miðlun og þjónustu sem stuðlar að framþróun í iðnaði. Að störf og verkefni starfsfólks skulu skipulögð þannig að starfsfólk geti sem best samræmt vinnu og einkalíf. Það skal gert með því að kynna starfsfólki áherslur í starfi Iðunnar sem eru að nýta tæknina, mæta þörfum, vekja athygli og vera ábyrg. Starfsfólk er hvatt til þess að vera í tengslum við félagsmenn, iðnaðarmenn og fyrirtæki í iðnaði með það að markmiði að vera í tengslum við þær þarfir sem eru til staðar á hverjum tíma. Jafnframt er unnið að því innan Iðunnar að skapa jákvæða fyrirtækjamenningu með því að starfsfólk fylgi eftir gildum Iðunnar sem eru framsækni, virðing og fagmennska. Þessu til stuðnings er Iðan með skilgreinda fræðslu-, jafnréttis-, eineltis-, áreitnisstefnur.



Iðan fræðslusetur fór á starfsárinu í undirbúningsvinnu til þess að fá jafnlaunastaðfestingu. Jafnlaunastaðfesting er staðfesting Jafnréttisstofu á því að lögð hafi verið fram gögn sem sýna fram á það, með fullnægjandi hætti, að launakerfi fyrirtækisins eða stofnunarinnar og framkvæmd þess mismuni ekki í launum á grundvelli kyns. Innan Iðunnar var farið í kerfisbundna úttekt á þeim launum og kjörum sem starfsmenn fyrirtækis njóta, í þeim tilgangi að kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða innan fyrirtækisins. Óleiðréttur launamunur innan Iðunnar fræðsluseturs er 7,48% og leiðréttur launamunur er 0,55% sem er vel undir landsmeðaltali.




## Umfang 3

Það þarf sum sé að skýra betur hvers vegna það er erfitt að greina og skrá umfang þrjú í kolefnislosun fyrirtækja. Til dæmis: Erfiðast er að greina og skrá þá kolefnislosun fyrirtækja sem felst til dæmis í ferðalögum starfsfólks og aðkeyptum vörum og þjónustu. Nú liggja fyrir upplýsingar um umfang þrjú hjá lönni fræðslusetri en á árinu hófst skráning á losun á flugferðum starfsfólks.

Upplýsingum er safnað í gegnum umsóknarform starfsfólks um dagpeninga. Umsóknarformið er aðgengilegt og sjálfvirkt. Hver og einn sem sækir um dagpeninga vegna ferðalaga innan- og utanlands þarf að skrá inn alla þætti ferðalags síns og skrá kolefnislosun flugsins með tölum fra Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Akstur starfsmanna til og frá vinnu, meðhöndlun úrgangs, fráveita og neysluvatn tilheyrir einnig umfangi þrjú og hafa þessi þættir verið skráðir frá árinu 2020. Losun vegna flutnings aðkeyptrra vara ásamt annarri óbeinni losun eins og til dæmis vegna veitinga á námskeiðum og fleira verður næsta skref í skráningu á kolefnislosun í umfangi þrjú.



### UMFANG 1

Bein áhrif  
Fyrirtækið



Eigin húsnæði  
Farartæki fyrirtækisins

### UMFANG 2

Óbein áhrif  
Vörur og þjónusta  
til fyrirtækisins



Rafmagnsnotkun  
Heitavatnsnotkun

### UMFANG 3

Óbein áhrif  
Vörur og þjónusta  
frá fyrirtækisins



Aðkeyptar vörur  
Flugferðir  
Akstur starfsmanna til og frá vinnu  
Meðhöndlun úrgangs  
Fráveita  
Neysluvatn



## Gagnvirkt mælaborð ófjárhagslegar upplýsingar

Ut anumhaldi á ófjárhagslegum upplýsingum lóunnar hefur nú verið komið fyrir í PowerBi mælaborði þar sem hægt er að skoða gagnlegar upplýsingar um sjálfbærni eftir tímabilum. Till dæmis kolefnislosun eftir umföngum eða orkunotkun. Með mælaborðinu er markmiðið að gera þessar upplýsingar aðgengilegri hagaðilum lóunnar, ekki síst starfsfólki, svo hægt sé að hvetja til frekari umbóta. Mælaborðið nær allt aftur til ársins 2020 eða þegar fyrst var byrjað að skrá kolefnislosun fyrirtækisins.

Mælaborðið mun gagnast vel því hér á landi er stefnt að innleiðingu á reglum um opinbera skráningu lítilla og meðalstórra fyrirtækja á ófjárhagslegum upplýsingum (CSRD).



## Sjálfbærnimælaborð Iðunnar fræðsluseturs



Heildar kolefnislosun

36.9 tonn

Heildar mótvaðgissáðgerðir

-10 tonn

Heildar úrgangur

3,351 kg

Ár

2023

Mánuður

Allt


Orka

Allt


Umfang

Allt


### Kolefnislosun




### Losun eftir orkutegund



### Endurvinnsluhlutfall



### Losun eftir umfangi



12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



## Græn námskeið

Ekki er allt gull sem glóir. Græn námskeið var hugmynd byggð á bæklingi Umhverfisstofnunar sem ber nafnið „Sjálfbær viðburðaskipulagning“. Hugmyndin var að merkja tiltekin námskeið græn og til þess að öðlast þessa merkingu þurfti að uppfylla ákveðin skilyrði um sjálfbært viðburðahald. Hugmyndin var góð en til þess að geta haldið utan um slík skilyrði þurfti gæðakerfi. Slíkt kerfi hefði falið í sér að skrá hvaða atriði voru uppfyllt af gátlista Umhverfisstofnunar á hverju námskeiði sem hefði átt að merkja sem grænt. Skráningin hefði verið full umfangsmikil í þeim faggreinum sem halda yfir 100 námskeið á önn. Því var falið frá því að merkja námskeið sérstaklega græn en þrátt fyrir það verður viðburðar- og námskeiðshald almennt bætt með tilliti til sjálfbærni.

Aðgerðir munu felast í að skrásetja allan mat sem keyptur er fyrir þátttakendur viðburða og námskeiða. Allur matur er keyptur frá fyrirtækinu Ráðlögðum dagskammti. Fyrirtækið fyllti inn í Matarspor lðunnar fyrir þá rétti sem lðan kaupir af þeim sem gerir okkur kleift að fylgjast með þeirri kolefnislosun sem fylgir matnum. Þetta er lítið skref en hjálpar okkur að halda utan um kolefnislosun matar tengt námskeiðum og viðburðum sem lðan ber ábyrgð á.



Sjálfbær  
viðburðarskipulagning  
Umhverfisstofnunar



## Nýr vefur lðunnar

Á árinu var farið í endurskoðun á bæði vefsíðu og kennslukerfi lðunnar. Kerfin sem lðan hefur notast við fyrir vefnámskeið eru komin til ára sinna og óhentugt að þurfa að notast við fleiri en eitt kerfi. Hingað til hefur lðan verið að notast við þrjú mismunandi kennslukerfi þar sem hvert og eitt hefur sína eiginleika. Í gegnum mínar síður á heimasíðu lðunnar má nálgast einfalt kennslukerfi þar sem hægt er að horfa á myndbönd. Moodle hefur svo haldið utan um stærra námskeið eins og til dæmis Löggilding mannvirkjahönnuða sem er réttindanámskeið og krefst próftöku í lok námskeið. Fjarnám hefur yfirleitt verið kennt í gegn um Teams en áður var notast við GoToMeeting.

Hýsing vefsíðu lðunnar er ekki umhverfisvæn miðað við grænni hýsingar sem eru í boði í dag. Mikilvægt er að finna lausn sem er notendavænni, skilvirkari og umhverfisvænni.



## Námskeið og fræðsla

Skráðu þig núna!

Leita eftir námskeiði



Óll

Bilgreinar

Bygginga- og mannvirkjagreinar

Matvæla- og veitingagreinar

Málm- og véltæknigreinar

Prent- og miðlunargreinar

Tölvuteikning og hönnun

Athyglisvert

Hafa samband



## Alþjóðamál

Iðan hefur tekið þátt í Erasmus+ frá árinu 2005. Áhersluatriði áætlunarinnar (2021-2027) eru; inngilding, stafrænar og grænar áherslur. Mikilvægt er að finna leiðir til að vinna að alþjóðlegum verkefnum í sem mestri sátt við umhverfið. Í stærri Evrópuverkefnum þá höfum við dregið úr staðbundum ferðum og fundað oft á netinu.

### Samstarfsverkefni

Síðastliðin 10 ár hefur Iðan veitt fyrirtækjum sem standa sig vel í náms- og starfsmannaskiptum gæðaviðurkenningu sem kallast EQAMOB. Undanfarin tvö ár hafa samstarfsaðilar hér heima og í Evrópu unnið að leiðum til að efla vægi umhverfis og inngildingu sem hluta af gæðaviðmiðum. Þetta er krefjandi og spennandi verkefni sem hægt er að fylgjast með á heimasíðu Iðunnar.



### **Náms og starfsmannaskipti**

Alþjóðateymi Iðunnar hvetur þátttakendur til að velja umhverfisvænan ferðamáta þegar það er hægt, t.d. að ferðast með lest í staðinn fyrir að fljúga á milli satða.

Iðnnemar og nýsveinar fara í auknum mæli á okkar vegum í starfsþjálfun í matavæla -og veitingagreinum sem hafa hlotið græna vottun, t.d. Green Key, sem er viðurkennt umhverfisvottunarkerfi.

Nýsveinn í bakstri er nýkomin heim eftir að hafa verið í þrjá mánuði hjá Tallinn, Home - Karjase Sai í bakaríi sem hefur hlotið þessa vottun.

# Spurningar til starfsfólks

## Hvað er sjálfbærni fyrir þér?

### Ólafur Ástgeirsson

Leiðtogi bygginga- og mannvirkjagreina



*Sjálfbærni er samfélag þar sem hver kynslóð umgengst og nýtir allar auðlindir sínar af virðingu með það að markmiði að þær verði í jafngóðu eða betra ástandi eftir að hún hefur nýtt sér þær en fyrir. Einnig skapar hver kynslóð samfélag sem er betra að búa í heldur en var áður en hún kom til sögunnar.*

*Eftir að lóan setti sjálfbærni sem eina af megin áherslum fyrirtækisins fór ég að kynna mér betur hvað felst í sjálfbærni og sá þá að snýst um svo miklu meira en bara það sem snýr að umhverfismálum. Vissulega eru umhverfismál stór hluti af sjálfbærni en í minum huga í dag snýst það ekki síður t.d. um jafnrétti, menntun og samfélag.*

### Kristjana Guðbrandsdóttir

Leiðtogi prent- og miðlunargreina



*Sjálfbærni fyrir mér er hugtak sem snýst um það að við bætum og breytum lífsháttum okkar og störfum þannig að við göngum ekki á takmarkaðar auðlindir jarðarinnar. Að við stuðlum með neyslu okkar og framleiðslu að bættu lífríki og loftslagi. Sjálfbærni er líka mikilvægt hugtak í félagslegum skilningu, jafnrétti og réttlæti í skiptingu auðæfa okkar skiptir máli. Sjálfbærni er mjög þýðingarmikið í menntun, því það er áriðandi að stuðla að nýsköpun í að finna góðar lausnir og ekki síður þarf að varðveita mikilvæga þekkingu í iðnaði og framleiðslu sem skiptir máli í því að stuðla að sjálfbærni.*

### Steinn Óskar Sigurðsson

Leiðtogi matvæla- og veitingagreina



*Sjálfbærni fyrir mér er virðing og nýting á móðir náttúru.*

### Sigursveinn Óskar Grétarsson

Leiðtogi málm- og véltæknigreina



*Að nýta auðlindir veraldar án skaða! \* Notkun auðlinda og umgengni við þær í dag á ekki að skerða lífsgæði og tækifæri komandi lífs á jörðinni.*





### **Pétur Örn Pétursson**

Deildarstjóri - Þróun þekkingar og framleiðsla

*Fyrir mér er sjálfbærni er hugtak sem felur í sér að mæta þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta eigin þörfum. Það nær yfir ábyrga og yfirvegaða starfshætti þvert á umhverfis-, félagslega og efnahagslega þætti til að tryggja langtíma velferð fyrir bæði fólk og jörðina. Sjálfbær vinnubrögð miða að því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið, stuðla að félagslegu jöfnuði og viðhalda efnahagslegri hagkvæmni.*



### **Sigurður Svavar Indriðason**

Leiðtogi bílgreina

*Sjálfbærni er eitthvað sem stuðlar að því að ekki sé verið að ganga á þær auðlindir sem við höfum yfir að ráða og tryggir að nýting þeirra sé með sem bestum hætti.*



### **Edda Jóhannesdóttir**

Deildarstjóri - Miðlun og þjónusta

*Eftir að lóan setti sjálfbærni sem eina af megin áherslum fyrirtækisins fór ég að kynna mér betur hvað felst í sjálfbærni og sá þá að snýst um svo miklu meira en bara það sem snýr að umhverfismálum. Vissulega eru umhverfismál stór hluti af sjálfbærni en í minum huga í dag snýst það ekki síður t.d. um jafnrétti, menntun og samfélag.*



### **Brynja Sigríður Blomsterberg**

Deildarstjóri - Fjármál og rekstur

*Sjálfbærni er að við endurnýtum þau verðmæti sem við eigum, finnum not fyrir þau verðmæti sem við höfum ekki lengur not fyrir og að henda sem minnstu þannig að hringrásarkerfið verði sem virkast. Einnig að velja vörur og þjónustu sem skilja eftir sig sem minnst kolefnisspor.*



### **Sigurður Fjalar Jónsson**

Deildarstjóri - Markaðsmál og sala

*Sjálfbær nýting auðlinda.*

# Hvernig sérðu stöðuna í sjálfbærnimálum fyrir þér í þínum greinum á Íslandi árið 2030?



## Ólafur Ástgeirsson

Leiðtogi bygginga- og mannvirkjagreina

*Stórlega hefur verið dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum áhrifum byggingaframkvæmda á umhverfið þannig að þær nálgist að verða sjálfbærar. Það hefur verið gert með endurvinnslu hráefna, betri auðlindanýtingu, notkun vistvænnar orku og vistvænna byggingarefna. Öll mannvirki sem reist eru munu þurfa að standast kröfur staðla um sjálfbærar framkvæmdir.*



## Sigurður Fjalar Jónsson

Leiðtogi bílgreina

*Mun stærri hluti bíla hér á landi mun ganga fyrir sjálfbærum orkugjöfum og einnig verða nýustu bílarnir hannaðir og framleiddir með sjálfbærari hætti t.d. háspennurafhlöðunnar ásamt öðrum hlutum innréttingar ofl. Verkstæði munu leggja mun meiri áhersu á orku og úrgangsmál og gera meiri kröfur til þeirra efna sem notað er og vinnuumhverfis.*



## Steinn Óskar Sigurðsson

Leiðtogi matvæla- og veitingagreina

*Sjálfbærni verður komin upp á næsta stig árið 2030 en þó ekki lengra. Verð og þægindi mun enn þá vega meira en dýrari og náttúruvænna hráefni en þó verða fyrirtækji sem að megninu til eru sjálfbær nýta meiri hilli og fólk er tilbúið að borga meira fyrir vöru og þjónustu sem tengd er sjálfbærni. Þetta ýtir við þeim fyrirtækjum sem ekki huga að sjálfbærni að taka næsta skref í þá átt og mögulega á næstu árum verður geirin komin upp á næsta, jafn vel þarnæsta skref.*



### **Sigursveinn Óskar Grétarsson**

Leiðtogi málm- og véltæknigreina

*Málm- og véltækni greinar spanna mjög breitt svið og stór hluti þeirra stendur einstaklega vel þegar kemur að sjálfbærni. Í sambandi við erfiðari mál sem tengjast greinum mínum þá má helst líta til þess að betur má ef duga skal í sambandi við ósoneyðandi lofttegundir (freon gös). Á Íslandi hefur umgengni við þessi efni verið frjálstleg en vakning er að eiga sér stað. Allir vélaframleiðendur vinna að því að bæta nýtni og reyna nýja orkugjafa. Stærstu áhyggjur mínar eru að við Íslendingar getum ekki fengið græna orku þar sem hún verður enn seld úr landi 2030 - bót í máli að hún er flutt héðan stafrænt!*



### **Kristjana Guðbrandsdóttir**

Leiðtogi prent- og miðlunargreina

*Pappírs- og prentiðnaður er sjálfbær iðnaður. Með því að nota pappír stuðlum við að ræktun og vexti nytjaskóga og leggjum þannig okkar af mörkum í baráttunni við loftlagsbreytingar. Í skógum eru gríðarleg tækifæri til bindingu kolefnis með aukinni ræktun og bættri umhirðu. Aðföng og orka í prentiðnaði eru sjálfbær. Því miður er almenningur ekki meðvitaður um þetta og heldur að stafræna byltingin sé umhverfisvæn. Því fer fjarri! Ég sé fyrir mér vitundarvakningu í þessum eignum á næstu árum og betra jafnvægi á milli prentaðra upplýsinga og stafrænna upplýsinga. Són er aldrei af hinu góða. Við getum ekki verið jafn stórtækir stafrænir neytendur og við erum í dag. Árið 2030 munum við vonandi vera meðvituð um að spara við okkur í stafrænni neyslu. Mögulega verða okkur jafnvel sett mörk í neyslunni því við eigum ekki næga orku til að halda henni við. Umbúðir eru óðum að færast yfir í pappír og mikil nýsköpun er í framleiðslu á eignum til umbúðaprentunar og framleiðslu. Franska dagblaðið Le Monde gaf út á dögunum að á síðasta ári hefði stafræna útgáfa blaðsins verið með mun stærra kolefnisspor en prentaða útgáfa blaðsins. Við stöðvum ekki sjálfsagða tækniþróun en jafnvægi er mikilvægt og prentverkið gæti átt óvænta og sterka innkomu í umhverfisstefnu samfélaga.*

# UFS Umhverfi

Umhverfi	Einingar	2020	2021	2022	2023
<b>E1. Losun gróðurhúslofttegunda</b>					
Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 1	t-CO2-í	2,10	3,74	2,50	3,53
Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 2	t-CO2-í	2,55	2,69	3,14	4,14
Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 3	t-CO2-í	-	-	-	29,21
Samtals losun gróðurhúslofttegunda	t-CO2-í	4,66	6,43	5,64	36,88
<b>E2. Losunarkræfni gróðurhúslofttegunda</b>					
Losunarkræfni orku	kg-CO2-í/kWst	0,052	0,079	0,055	0,308
Losunarkræfni starfsmanna	kg-CO2-í/ stöðugildi	202,43	238,29	194,53	1603,48
Losunarkræfni tekna	kg-CO2-í/milljón ISK	0,000	0,000	0,000	0,00004
Losunarkræfni á hvern fermetra	kg-CO2-í/m <sup>2</sup>	2,40	3,32	2,91	19,00
<b>E3. Orkunotkun</b>					
Heildarmagn beinnar orkunotkunar	kWst	-	-	-	-
Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	kWst	89.064	81.858	102.616	119.702
<b>E4. Orkukræfni</b>					
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	3.872	3.032	3.538	5.204
Orkukræfni veltu	kWst/milljón ISK	0,000	1,000E-4	1,26E-04	1,28E-04
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	45,89	42,18	52,87	61,68
<b>E5. Samsetning orku</b>					
Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum					
Jarðefnaeldsneyti	%	8,63	15,32	8,91	9,96
Endurnýjanleg orka	%	90,7	83,34	90,23	89,1
Jarðefnagas	%	0,67	1,34	0,85	0,94
<b>E6. Vatnsnotkun</b>					
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	7.154	8.431	9.490	13.265
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	544	2.019	2.041	1.997
Samtals vatnsnotkun	m <sup>3</sup>	7.698	10.450	11.531	15.262
<b>E7. Umhverfisstarfsemi</b>					
Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	Já/Nei	Nei	Já	Já	Já
Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	Já/Nei	Nei	Já	Já	Já
Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei

Umhverfi	Einingar	2020	2021	2022	2023
<b>E8. Loftslagseftirlit/stjórn</b>					
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
<b>E9. Loftslagseftirlit/stjórnendur</b>					
Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
<b>E10. Mildun lofslagsáhættu</b>					
Heildar fjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
<b>Meðhöndlun úrgangs</b>					
Blandaður úrgangur	kg	2561	2501	1514	800
Blandaður pappír	kg	1441	823	1084	1181
Lífrænt til moltugerðar	kg	1157	810	914	1135
Blandaðar plastumbúðir	kg	574	439	298	295
Heildar úrgangur	kg	5733	4573	3810	3411
Flokkunarhlutfall	%	55%	45%	60%	77%
<b>Úrgangskræfni</b>					
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	249,26	169,37	131,38	148,30
Úrgangskræfni veltu	kg/milljón ISK	7,61E-06	5,59E-06	4,68E-06	3,65E-06
<b>Fræðsluferðir</b>					
Losun vegna fræðsluferða	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-	21,77
Flug	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-	21,77
Akstur	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-	-
<b>Ferðir starfsmanna til og frá vinnu</b>					
Losun á akstri starfsmanna til og frá vinnu	t-CO <sub>2</sub> -í	-	9,538	6,359	6,548
Hlutfall starfsmanna á bensínbíl	%	43%	37%	34%	22%
Hlutfall starfsmanna á díselbíl	%	30%	26%	24%	17%
Hlutfall starfsmanna á rafmagns/tengiltvinn/tvinn/metan/vetnisbíl	%	30%	41%	38%	74%
<b>Mótvægisáðgerðir</b>					
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-	10
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-	-
Samtals mótvægisáðgerðir	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-	10

# UFS Félagslegir þættir

Félagslegir þættir	Einingar	2020	2021	2022	2023
<b>S1. Launahlutfall framkvæmdastjóra</b>					
Laun og bónusgreiðslur framkvæmdastjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	-	-	-	-
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	-	-	-	-
<b>S2. Launamundur kynja</b>					
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	-	-	-	-
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	-	-	-	0,55
<b>S3. Starfsmannavelta</b>					
Starfsmenn í fullu starfi	fjöldi	23	27	29	23
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	9%	7%	69%	13%
<b>S4. Kynjafjölbreytni</b>					
Starfsmannafjöldi					
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	-	-	62%	78%
Konur	fjöldi	-	-	18	18
Karlar	fjöldi	-	-	11	9
Byrjenda- og millistjórnendastöður					
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan	%	-	-	60%	60%
Konur	fjöldi	-	-	3	3
Karlar	fjöldi	-	-	2	2
Yfirmenn og stjórnendur					
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	-	-	60%	60%
Konur	fjöldi	-	-	3	3
Karlar	fjöldi	-	-	2	2
<b>S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta</b>					
Stöðugildi	fjöldi	275	277	254	238
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	13%	11%	10%	11%
Hlutfall starfsfólks lúnnar á móti verktökum og/eða ráðgjöfum	X:1	9:110	11:111	12:102	11:95
<b>S6. Aðgerðir gegn mismunun</b>					
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	Já/Nei	Já	Já	Já	Já

Félagslegir þættir	Einingar	2020	2021	2022	2023
<b>S7. Vinnuslysatiðni</b>					
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0%	0%	4%	0%
<b>S8. Hnattræn heilsa og öryggi</b>					
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	Já/Nei	-	-	-	Já
<b>S9. Barna-nauðungarvinna</b>					
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaprælkun?	Já/Nei	-	-	-	-
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	Já/Nei	-	-	-	-
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	-	-	-	-
<b>S10. Mannréttindi</b>					
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	Já/Nei	-	-	-	-
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	Já/Nei	-	-	-	-

# UFS Stjórnarhættir

Stjórnarhættir	Ein.	2020	2021	2022	2023
<b>G1. Kynjahlutfall í stjórn</b>					
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	fjöldi	2	2	2	2
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	fjöldi	8	8	8	8
<b>G2. Óhæfi stjórnar</b>					
Bannar fyrirtækið framkvæmdastjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já/Nei	Já	Já	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	0%	0%	0%	0%
<b>G3. Kaupaukar</b>					
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
<b>G4. Kjarasamningar</b>					
Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%	100%
<b>G5. Siðareglur birgja</b>					
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	Já/Nei	-	-	-	-
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-	-	-
<b>G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu</b>					
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	Já/Nei	-	-	-	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-	100%
<b>G7. Persónuvernd</b>					
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	Já/Nei	Já	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/Nei	Já	Já	Já	Já
<b>G8. Sjálfbærnisráðgjafi</b>					
Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráðgjafi?	Já/Nei	Nei	Nei	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	Já/Nei	Nei	Nei	Já	Já



Stjórnarhættir	Ein.	2020	2021	2022	2023
<b>G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf</b>					
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já/Nei	Nei	Nei	Já	Já
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	Já/Nei	Nei	Nei	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SB?	Já/Nei	Nei	Nei	Já	Já
<b>G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila</b>					
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Credit info - framúrskarandi fyrirtæki	Já/Nei	Já	Já	Já	Já
Ríkisendurendurskoðun	Já/Nei	Já	Já	Já	Já
Húsnæðis - og mannvirkjastofnun (eftirlit með námskeiðahaldi)	Já/Nei	Já	Já	Já	Já
Fræðslumiðstöð atvinnulífisins European Quality mark - framkvæmd raunfærnimats og námskeiðahalds	Já/Nei	Já	Já	Já	Já
Diplomasafe - útgáfu starfrænna viðurkenninga	Já/Nei	Nei	Já	Já	Já
Erasmus+ viðurkenning	Já/Nei	Já	Já	Já	Já
<b>Rekstrarbreytur</b>					
Heildartekjur	milljón ISK	753.218.227 kr.	818.670.198 kr.	814.852.902 kr.	933.426.841 kr.
Eignir alls	milljón ISK	894.520.000 kr.	1.023.062.000 kr.	1.247.348.000 kr.	1.335.962.409 kr.
Stöðugildi	fjöldi	23	27	29	27
Heildarrými f. eigin rekstur	m2	1940,8	1940,8	1940,8	1940,8
<b>Eignastýring</b>					
Fjöldi bygginga	fjöldi	1	1	1	1
Fjöldi bifreiða	fjöldi	2	2	2	2
Þar af rafmagnsbílar	fjöldi	1	1	1	1



# Iðan í hnotskurn

Iðan er fræðslusetur í iðnaði og sinnir símenntun starfsmanna í bílgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málm- og véltæknigreinum, prent- og miðlunargreinum og matvæla- og veitingagreinum. Námsframboðið er fjölbreytt og í stöðugri þróun enda er það þýðingarmikið hlutverk að sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem þörf krefur.

## Fjölbreytt námskeið fyrir fagfólk í iðnaði.

Iðan býður upp á fjölbreytt úrval vandaðra námskeiða og fullbúna kennsluáðstöðu. Fjarnám er til staðar þar sem það er mögulegt og vefnámskeið. Einnig eru í boði sérsniðin fyrirtækjanámskeið sem haldin eru á vettvangi.



Námskeið



Vefnámskeið



## Fróðleikur á vefnum þegar þér hentar.

Iðan heldur úti hlaðvarpinu Augnablik í iðnaði sem er aðgengilegt á öllum helstu streymisveitum, s.s. Soundcloud, Spotify og Apple. Iðaner einnig með öfluga rás á YouTube (þar sem reglulega er birt nýtt fræðsluefni.

## Ráðgjöf og stuðningur til fyrirtækja og einstaklinga.

Hjá Iðunni starfa náms- og starfsráðgjafar sem sérhæfa sig í að aðstoða einstaklinga við raunfærnimat, náms- og starfsval og framkvæmd áhugasviðskannana. Hægt er að bóka viðtal við náms- og starfsráðgjafa í síma 590-6400 eða með pósti á [radgjof@idan.is](mailto:radgjof@idan.is).



Raunfærnimat



Iðan á YouTube



Hlaðvarp Iðunnar



Rafræn útgáfa  
af þessari skýrslu

Prentað hjá Litróf ehf.